




## Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2024

ÍSÁN2ÍF05

<b>Kennari</b>	Kristín Þóra Möller, <a href="mailto:kristin.moller@fss.is">kristin.moller@fss.is</a>	
<b>Viðtalstími</b>	Fimmtudagar kl. 9.20-10.00	
<b>Námsefni</b>	Efni frá kennara og efni sem er aðgengilegt nemendum á netinu.	
<b>Áfangalýsing</b>	<p>Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa lokið þremur önnum í íslensku. Áfanginn felur í sér kynningu á námi á framhaldsskólastigi í íslenskum framhaldsskólum. Nemendur hlusta á og lesa texta í hverjum tíma og leysa verkefni tengd textanum. Hver texti er jafnframt notaður til að æfa tiltekin málfræðiatríði með málfræðiafingum. Tilgangurinn er að bæta orðaforða og íslenskukunnáttu nemendanna en jafnframt að veita erlendum nemendum innsýn í námsmöguleika á framhaldsskólastigi á Íslandi, bæði til að upplýsa þá um tækifærin en ekki hvað síst til að hvetja þá til frekara náms. Einnig verður farið í hagnýtan orðaforða til að undirbúa nemendur fyrir atvinnulíf og þátttöku í íslensku samfélagi.</p>	
<b>Námsmat og vægi námsmatsþátta</b>	<p>Áfanginn er símatsáfangi. Til að ná áfanga þarf að ná 4,5 í öllum könnunum og verkefnum sem liggja til grundvallar. Hvert próf/verkefni er aðeins hægt að þreyta einu sinni. Ef nemendur eru með útskýrða fjarvist á Innu þegar verkefni eða próf er lagt fyrir hafa þeir tvær vikur til að ljúka því. Ef enginn skýring er á fjarvist þá á nemandi ekki rétt á að taka upp próf eða verkefni. Nemendur vinna próf/verkefni á stoðdegi í lok annar geta fengið hámarkseinkunn 5. Ekki er leyfilegt að taka verkefni eða próf utan kennslustofu nema í samráði við kennara. Eftir að miðannarmat hefur verið gert opinbert er EKKI hægt að skila verkefnum eða taka próf sem gilda inn í miðannarmatið.</p>	
	<b>Símatsáfangi</b> <input checked="" type="checkbox"/>	<b>Lokapróf</b> <input type="checkbox"/>
	<b>Heiti</b>	<b>Vægi</b>
	Einstaklingsverkefni	20%
	Hópverkefni	20%
	Lotupróf	60%
<b>Reglur áfanga</b>	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.	
<b>Annað sem kennari vill láta koma fram</b>	Nemendur komi undirbúnir í kennslustundir og með viðeigandi gögn. Þá er ætlast til þess að þeir sækji allar kennslustundir skv. mætingareglum skólans og skili verkefnum á réttum tíma. Ólæsileg verkefni eða skjöl sem kennari getur ekki opnað fá einkunnina 0.	

Þekking	Leikni
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• orðaforða sem tengist námi og starfi á Íslandi.</li> <li>• hinum ýmsu námsbrautum sem í boði eru á framhaldsskólastigi.</li> <li>• íslenskum vinnumarkaði og hvernig sótt er um starf.</li> <li>• málfræðiatriðum sem rifjuð eru upp til að viðhalda fyrri málfræðiþekkingu.</li> <li>• helstu sérkennum mæltis máls í hlustunarverkefnum.</li> </ul>	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• lesa texta um nám og störf ungmenna á Íslandi.</li> <li>• leysa hin ýmsu verkefni, æfa orðaforða.</li> <li>• svara spurningum í tengslum við texta um sérhæfð viðfangsefni á borð við framhaldsskólanám.</li> <li>• skilja mælt mál um nám og störf ungs fólks.</li> <li>• tileinka sér málfræðina sem æfð er í tengslum við textana.</li> <li>• kynna sér ýmislegt til viðbótar um nám á framhaldsskólastigi.</li> </ul>
	
Hæfni	
<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• geta lesið, ritað og rætt um námsframboð fyrir ungt fólk á Íslandi.</li> <li>• geta kynnt sér á ítarlegri hátt hvað hinar ýmsu námsbrautir fela í sér.</li> <li>• skilja þegar talað er um nám og störf og geta tekið þátt í samræðum um viðfangsefnin.</li> <li>• geta nýtt sér á hagnýtan hátt málfræðina sem kennd er í tengslum við textana.</li> <li>• leggja stund á nám ætlað íslenskum nemendum á framhaldsskólastigi.</li> <li>• gera starfsferilskrá og sækja um starf.</li> <li>• þekkja réttindi sín og skyldur á íslenskum vinnumarkaði.</li> </ul>	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 3 tímar x 20 mín	16 klst.
Undirbúningur f. próf	4 x 3 klst.	12 klst.
Verkefnavinna	12 klst.	12 klst.
<b>Alls</b>		<b>104 klst. = 5 fein*</b>

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
<b>1. vika</b> 19. - 23. ágúst	Lota 1: Árstíðir Textar og verkefni	
<b>2. vika</b> 26. - 30. ágúst	Lota 1: Árstíðir Textar og verkefni	
<b>3. vika</b> 2. - 6. september	Lota 1: Árstíðir Textar og verkefni	Hópverkefni
<b>4. vika</b> 9. - 13. september	Lota 1: Árstíðir Textar og verkefni	Lotupróf 1
<b>5. vika</b> 16. - 20. september	Lota 2: Námstengdur orðaforði Textar og verkefni	
<b>6. vika</b> 23. - 27. september	Lota 2: Námstengdur orðaforði Textar og verkefni	
<b>7. vika</b> 30. september - 4. október	Lota 2: Námstengdur orðaforði Textar og verkefni	Einstaklingsverkefni
<b>8. vika</b> 7. - 11. október <i>Námsmatsdagur</i>	Lota 2: Námstengdur orðaforði Textar og verkefni	Lotupróf 2
<b>9. vika</b> 14. - 18. október <i>Miðannarmat</i>	Lota 3: Hagnýtir textar og heimasíður Textar og verkefni	
<b>10. vika</b> 21. - 24. október <i>Vetrarleyfi 25. okt.</i>	Lota 3: Hagnýtir textar og heimasíður Textar og verkefni	
<b>11. vika</b> 29. október - 1. nóvember <i>Vetrarleyfi 28. okt.</i>	Lota 3: Hagnýtir textar og heimasíður Textar og verkefni	Hópverkefni
<b>12. vika</b> 4. - 8. nóvember	Lota 3: Hagnýtir textar og heimasíður Textar og verkefni	Lotupróf 3
<b>13. vika</b> 11. - 15. nóvember	Lota 4: Atvinnulíf Textar og verkefni	
<b>14. vika</b> 18. - 22. nóvember	Lota 4: Atvinnulíf Textar og verkefni	
<b>15. vika</b> 25. - 29. nóvember	Lota 4: Atvinnulíf Textar og verkefni	Einstaklingsverkefni
<b>16. vika</b> 2. - 6. desember	Lota 4: Atvinnulíf Textar og verkefni	Lotupróf 4

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Kristín Þóra